

Kópavogur, 29. Júní 2026

Óskað er eftir að eftirfarandi mál verði tekið fyrir á dagskrá næsta fundar skipulags- og umhverfisráðs þann 6. Júlí 2026.

Efni: Umferðaröryggi, skólaumhverfi og lýsing við gangbrautir,

Óskað er eftir umræðu um umferðaröryggi við skóla og götur í Kópavogi, sérstaklega við fjölfarnar gangbrautir. Jafnframt er óskað eftir mati á því hvort þörf sé á að bæta lýsingu við þær til að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda, ekki síst barna á leið í skóla.

Hvaða aðgerðir og áætlanir eru uppi hjá bænum sem stuðla að auknu umferðaröryggi? Hvernig á að draga úr umferðarhraða og hvar hefur árangur þegar náðst innan Kópavogs? Einnig til hvaða landa er horft sem fyrirmynd við að ná niður umferðarhraða og hvort þær aðgerðir hafi skilað tilætluðum árangri.

Málið er lagt til umræðu.

Bestu kveðjur

Beitir Ólafsson

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins í skipulags- og umhverfisráði Kópavogs